

7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða visitölu-tryggðum verðbréfum, er stjórnin telur fullkomlega trygg.

Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, nöfn og heimilisföng þeirra aðila, er styrk fá úr sjóðnum, svo og í hvaða skyni. Enn fremur allar greiðslur, er sjóðurinn innir af höndum. Þá skulu einnig ársreikningar sjóðsins innfærast í gerðabók þessa.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúar næst á eftir. Reikningar sjóðsins sendist árlega eftirliti ríkisins með opinberum sjóðum til endurskoðunar.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá sjóðsins, ef brýnar ástæður þykja til, enda gegni sjóðurinn áfram því hlutverki að stuðla að menntun og menningu á Austurlandi.

11. gr.

Stofndagur sjóðsins skal talinn 7. des. 1968, sem er 115. afmælisdagur séra Einars prófests Jónssonar.

12. gr.

Hætti núverandi Eiðaskóli (þ. e. Alþýðuskólinn) störfum, tekur sú menntastofnun á Austurlandi, sem talið verður að komið hafi í hans stað, við núverandi hlutverki Eiðaskóla í stjórn sjóðsins.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari svo og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða gerðar, samkvæmt 10. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 10. nóvember 1968.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Hólshreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 200% álagi í Hólshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.